

**NÁMSKRÁ
Í
SÖÐLASMÍÐI
Reið- og aktygjasmíði**

**Menntamálaráðuneytið
janúar 1999**

SÖÐLASMÍÐI (SÖ9) Reið- og aktygjasmíði

Samningsbundið iðnnám 42 einingar

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs. Nemar sem ljúka námsbrautinni hafa heimild til þess að fara í sveinspróf í iðninni að loknum samningstíma. Náms tími á samningi er 4 ár.

Almennar bóklegar greinar		25 ein.
Móðurmál	ÍSL 102 202	
Erlend tungumál	DAN 102	
	ENS 102	
	+ 4 ein. í dönsku og/eða ensku	
Stærðfræði	STÆ 102 122	
Samfélagsgreinar	FÉL 102/103	
Bókfærsla	BÓK 102/103	
Val nemanda og skóla	3 - 5 ein.	
Bóklegar faggreinar		15 ein.
a) Grunnteikning	GRT 103 203	
Rafmagnsfræði	RAF 101	
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	
b) Áhalda- og tækjafræði	ÁTS 101	
Efnisfræði	EFS 103	
Iðnteikning söðlasmíði	ITS 103	
16 ein.		
Íþróttir	ÍÞR 101 111	2 ein.

ÁFANGALÝSINGAR

Almennar bóklegar greinar

ÍSLENSKA 102

ÍSL 102

Talað mál, ritun og bókmenntir.

Æfa skal nemendur í málnotkun í ræðu og riti. Í því skyni hentar þjálfun í framsögn svo sem með upplestri, frásögnum, munnlegum endursögnum og rökræðum.

Ritþjálfun getur farið fram með ýmsum hætti svo sem með stuttum ritgerðum, lýsingum, endursögnum, útdráttum, rökfærslutextum, léttum þýðingum o.s.frv. Lögð er áhersla á ritun sem ferli er byggir á undirbúningsvinnu, úrvinnslu hugmynda, vali á framsetningarmáta og loks frágangi. Eftir þörfum skal efla málfærni nemenda með öðrum þáttum málnotkunar.

Nemendur æfist í bókmenntalestri með því að lesa smásögur. Leitast skal við að tengja umfjöllun um bókmenntir þjálfun í ritun og málnotkun.

Æfa skal nemendur í stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Lögð skal áhersla á að þeir geti notað orðabækur til að ná öryggi í stafsetningu. Upprifjun á málfræði fer eftir þörfum.

Auk sameiginlegs lesefnis velja nemendur sér a.m.k. eitt bókmenntaverk til lestrar og umfjöllunar að fyrirsögn kennara.

ÍSLENSKA 202

ÍSL 202

Undanfari: ÍSL 102

Málnotkun og bókmenntir.

Þjálfun skal ýmsa þætti málnotkunar svo sem orðtök og málshætti, fjalla um merkingu orða, margræðni, merkingarmun, nýyrði, tökuorð og slettur.

Halda skal áfram þjálfun í ritun svo sem með því að láta nemendur skrifa stuttar lýsingar af ýmsu tagi og aðrar fjölbreytilegar ritæfingar. Eftir þörfum skal halda áfram þjálfun í stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Eftir þörfum skal æfa framsögn t.d. með upplestri og umræðum.

Nemendur æfist í bókmenntalestri og bókmenntagreiningu. Þeir lesi stutta skáldsögu, fornsögu eða smásögur auk ljóða.

Auk sameiginlegs lesefnis velja nemendur sér a.m.k. eitt bókmenntaverk til lestrar og umfjöllunar að fyrirsögn kennara.

DANSKA 102

DAN 102

Megináhersla lögð á textalestur til að auka orðaforða og lesskilning. Undirstöðuatriði danskrar málfræði rifjuð upp. Málnotkun þjálfuð með skriflegum og munnlegum æfingum. Nemendur hvattir til að tala og hlusta á danskt mál og þeim gefin sem flest tækifæri til að tjá sig. Nemendur lesi vandlega u.þ.b. 30 bls. og hraðlesi 1-2 skáldsögur auk smásagna og annars efnis.

DANSKA 202**DAN 202****Undanfari: DAN 102**

Megináhersla lögð á textalestur til að auka enn frekar orðaforða og lesskilning. Málfræði þjálfuð í tengslum við lestur og skriflegar æfingar. Almenn málnotkun þjálfuð í tengslum við tal, hlustun, lestur og skriflegar æfingar. Lesnar skulu vandlega u.þ.b. 30 bls. og hraðlesnar 1-2 skáldsögur, auk smásagna og annars efnis.

DANSKA 212**DAN 212****Undanfari: DAN 202**

Megináhersla er lögð á lestur og fjölbreyttir textar úr bókmenntum, tímaritum og blöðum lesnir og skýrðir. Málfærni þjálfuð í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni. Ritfærni þjálfuð nær eingöngu með hálfbundnum eða óbundnum æfingum og áhersla lögð á að nemendur fái þjálfun í að tala dönsku. Í því skyni eru lögð fyrir þá verkefni sem aðeins er hægt að leysa með virkri málnotkun. Æskilegt er að nemendur fái sýnishorn af norskum og sænskum textum. Lesnar eru ein til tvær skáldsögur auk smásagna, rauntexa og annars efnis.

ENSKA 102**ENS 102**

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði málfræði rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Aukin áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum, m.a. í tengslum við efnið. Nemendum leiðbeint um notkun orðabóka. Kennsla skal fara sem mest fram á ensku.

ENSKA 202**ENS 202****Undanfari: ENS 102**

Lestur fjölbreyttari og þyngri texta, bæði vandlega lesinna til að auka orðaforða og hraðlesinna til að þjálfra heildarskilning. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum, m.a. í tengslum við efnið. Nemendum leiðbeint frekar um notkun orðabóka. Kennsla skal fara sem mest fram á ensku.

ENSKA 212**ENS 212****Undanfari: ENS 202**

Lestur almennra og sérhæfðra texta. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áföngum. Kennsla skal fara sem mest fram á ensku.

FÉLAGSFRÆÐI**FÉL 103**

Fjallað er um þróun helstu þátta íslenska nútímaþjóðfélagsins og veitt innsýn í mismunandi menningarsamfélög. Kynnt eru mikilvæg hugtök sem notuð eru í umræðu um þjóðfélagið og þróun þess, svo sem menning, félagsmótun, fjölskylda, framleiðsla og þjóðfélagsstaða. Leitast skal við að gera nemendum kleift að sjá samhengi milli daglegs lífs síns og þess sem er að gerast í þjóðfélaginu.

STÆRÐFRÆÐI 102**STÆ 102**

Meginviðfangsefni áfangans er algebra og hnitareikningur. Efnisþættirnir eru eftirfarandi: Talnareikningur, meðferð heilla talna og brota. Bókstafareikningur, liðun, þáttun, stytting. Uppsettar og óuppsettar jöfnur af fyrsta stigi. Hnitakerfið, jafna og graf beinnar línu og jöfnuhneppi. Hlutföll, prósentur og vextir.

STÆRÐFRÆÐI 122**STÆ 122****Undanfari: STÆ 102 æskilegur**

Meginviðfangsefni áfangans er rúmfræði. Efnisþættirnir eru eftirfarandi: Kynning á frumhugtökum rúmfræðinnar, hornasumma þríhyrninga, hlutföll í þríhyrningum og regla Pýþagórasar. Flatarmál og rúmmál. Hornaföll í rétthyrndum þríhyrningum og vigrar. Valin atriði þar sem þjálfuð er sönnun reglu.

BÓKFÆRSLA 103**BÓK 103**

Fjallað er um grundvallaratriði bókhalds, dagbókarfærslur, opnun og lokun höfuðbókar og tengsl þessara bóka. Kenndur reikningsjöfnuður með einföldum athugasemdum. Helstu undirbækur kynntar. Kennt að merkja fylgiskjöl og færa dagbók eftir þeim. Nemendum gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhalds og sagt frá helstu bókhaldslögum til skilningsauka. Kynntar allar helstu bókhaldsbækur og mismunandi aðferðir við færslu bókhalds í fyrirtækjum. Mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð nemenda og góðan frágang.

Bóklegar faggreinar

GRUNNTEIKNING 103

GRT 103

Nemendur öðlist grundvallarþekkingu og leikni í teiknilestri, flatarteikningu, mælikvörðum og málsetningu. Þeir ná valdi á að teikna og lesa vinnuteikningar.

Í teiknilestri læra nemendur um tegundir lína, teikniáhöld og teikniskrift og teikna hornréttar fallmyndir. Jafnframt fá nemendur þjálfun í útfærslu skurðarflata. Í flatarteikningu læra nemendur einkum; um punkta og línur; að skipta línunum og hornum með bogaskurði; um þríhyrninga og flatarmál með teikningu margvíslegra flatarmynda. Samhliða þessu læra nemendur á mælikvarða og málsetningu og þá m.a. stærðarhlutföll teikninga og raunstærð þeirra hluta sem teikningarnar sýna.

GRUNNTEIKNING 203

GRT 203

Undanfari: GRT 103

Meginviðfangsefnið í þessum áfanga er þjálfun í fríhendisteikningu og rúmteikningu. Nemendur fá æfingu í fríhendisteikningu með því að rissa upp isometrískar myndir og málsetja þær. Nemendur læra að þekkja helstu form hluta eins og strendinga, strýtur, sívalninga og keilur. Í rúmteikningu læra nemendur einkum; að teikna fallmyndir út frá mismunandi sjónarhornum, um sniðskorna hluti; að fletja út yfirborð hluta (útflatninga) og finna sannar stærðir á útflatningum.

RAFMAGNSFRÆÐI 101

RAF 101

Farið er yfir helstu heiti og hugtök rafbúnaðar sem notaður er í bygginga- og málmiðnaði. Kynntar eru reglur um umgengni og umhirðu rafbúnaðar. Fjallað er um slysaþættu og varnir gegn slysum af völdum rafbúnaðar og rafmagns. Farið er í útreikninga á orkuþörf, álag á kapla o.þ.h., ásamt orkukostnaði.

ÖRYGGIS- OG FÉLAGSMÁL 101

ÖRF 101

Í þessum áfanga er farið yfir öryggismál almennt. Fjallað er um hollustuhætti og vinnuvernd, meðferð hættulegra efna, vinnustellingar (hreyfifræði), atvinnusjúkdóma, helstu orsakir vinnuslysa og hvernig brugðist er rétt við á slyssað. Kynnt eru samtök iðnnema, sveina og meistara. Farið er yfir námskrá og gildandi lög og reglugerð um iðnfræðslu. Fjallað er um helstu atriði gildandi kjarasamninga og ákvæðistaxta. Útfylltar eru tímaskýrslur og einfaldir launaútreikningar gerðir.

ÁHALDA- OG TÆKJAFRÆÐI 101

ÁTS 101

Saumavélin er tekin fyrir, tæknilega og sögulega. Fjallað er um ýmsar gerðir þráða, nála og saumspora, einnig um sértæk áhengi við saumavél. Helstu handverkfæri eru tekin fyrir. Fjallað er um lása-, sylgju- og ýmsar skrautfestingar.

EFNISFRÆÐI 103**EFS 103**

Fyrst og fremst er fjallað um leður. Teknir eru fyrir eiginleikar og varðveisla dýrhúðar, vatnsmeðferð, sútun og vinna allt þar til leður er tilbúið. Gerð er grein fyrir eiginleikum leðurtegunda, stærðum, leðurprófun og gallagreiningu, svo og ýmsum leðurtegundum í viðskiptum eftir notkunarviðum. Farið er vandlega í geymsluskilyrði leðurs. Fjallað er um ýmis störf sem tengjast leðri, svo og aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón starfsfólks. Einnig fjallað lítillega um loðskinn en nokkuð um leðurlíki, sérlega í samburði við leður. Nokkur ofin efni sem faginu tengjast eru tekin fyrir.

IÐNTEIKNING SÖDLASMÍÐI**ITS 103****Undanfari: GRT 103 203**

Megináhersla er lögð á fríhendisteikningu og sniðteikningu með rúðuaðferð. Teiknaðir eru ýmsir hnakkhlutar, teiknuð ýmis snið, hankktöskur og einstakir hlutar hennar svo og ólar, reimar og fleira.

ÍPRÓTTIR**ÍPRÓTTIR 101****ÍPR 101**

Í áfanganum verður farið yfir mikilvægi hreyfingar fyrir hvern einstakling sem og aðferðir við þolþjálfun og upphitun líkamans. Nemendur verða látnir prófa aðferðir við upphitun auk þess að semja áætlun um þolþjálfun. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur.

ÍPRÓTTIR 111**ÍPR 111**

Kraftur og liðleiki eru meginviðfangsefni áfangans. Nemendur fá að gera tilraunir til þess að finna álag sem hæfir hverjum og einum í kraftþjálfun. Fjallað verður um liðleika og mikilvægi þess að hafa góðan liðleika við dagleg störf sem og við íþróttaiðkun. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur.